

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1569
komudagur 14.2.2013



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum. 454. mál.

Velferðarnefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp sem lagt er fram af þingflokki Hreyfingarinnar og Lilju Mósesdóttur, utan flokka.

Í frumvarpinu er lagt til að þær breytingar sem gerðar voru á bótakerfi elli- og örorkulífeyrisþega með lögum nr. 70/2009 (ráðstafanir í ríkisfjármálum) gangi til baka. Í því felst að:

1. aldurstengdar örorkubætur verði ekki tekjutengdar,
2. frítekjumark ellilífeyrisþega verði fært úr 480.000 kr. í 1.315.200 kr. eins og hjá örorkulífeyrisþegum,
3. lífeyrisþegum verði heimilað að velja milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar,
4. lífeyrissjóðstekjur teljist ekki til tekna við útreikning grunnlífeyris og
5. skerðingarhlutfall tekjutryggingar verði lækkað úr 45% í 38,35%.

Flutningsmenn benda á að þær skerðingar á bótum lífeyrisþega sem fólust í lögum 70/2009 hafi átt að vera tímabundnar vegna þáverandi efnahagsástands og telja brýnt að málið fái framgang á þessu þingi. Frumvarpinu fylgir ekki mat á kostnaði ríkissjóðs af þeim breytingum sem lagðar eru til en samkvæmt greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum 70/2009 var áætlað að þær lækkuðu útgjöld almannatrygginga um 3.650 m.kr. á ársgrundvelli.

Starfshópur um endurskoðun almannatryggingalaga var skipaður 4. apríl 2011 og er hann enn að störfum. Starfshópurinn er skipaður 8 fulltrúum stjórnmalaflokkanna, þ.m.t. Hreyfingarinnar, 5 frá aðilum vinnumarkaðarins og 4 frá öðrum félagasamtökum. Í erindisbréfi starfshópsins var honum falið að gera tillögur um einfaldari, réttlátari og skýrari löggjöf þar sem komið yrði í veg fyrir víxlverkanir. Verkefni hópsins varða elli- og örorkulífeyri og stuðning við barnafjölskyldur.

Starfshópurinn samþykkti samhljóða, þann 22. 6. 2012, tillögur um breytingar á ellilífeyri sem fela í sér mikla einföldun og minni víxlverkun, en á eftir að ljúka umfjöllun um örorkulífeyri og stuðning við barnafjölskyldur. Tillögur hópsins, sem skilað var til velferðarráðuneytisins í septemberbyrjun 2012, um breytingar á ellilífeyri eru eftirfarandi:

„Í fyrsta áfanga verði bótaflokkarnir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót sameinaðir í einn; ellilífeyrir. Fjárhæð ellilífeyris verði 155.000 kr. á mánuði miðað við gildandi bótafjárhæðir og 45% tekna lífeyrisþega hafi áhrif á fjárhæð hans.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nú er ellilífeyrisþegum sem búa einir tryggðar að lágmarki 203.000 kr. á mánuði og þeim sem búa með öðrum 175.000 kr. á mánuði með framfærsluuppþótinni. Í fyrsta áfanga mun skerðing framfærsluuppþótar vegna tekna lækka úr 100% í 80%. Skerðingarhlutfallið verði síðan lækkað í áföngum uns 45% markinu verði náð og þá standi einn bótaflokkur eftir; ellilífeyrir.

Samkvæmt framansögðu munu fyrstu breytingarnar taki gildi 1. janúar 2013. Starfshópurinn gerir þá tillögu að skerðing vegna tekna við útreikning framfærsluuppþótar lækki í 70% 1. janúar 2014, í 60% 1. janúar 2015, í 50% 1. janúar 2016 og sameinist ellilífeyri 1. janúar 2017.

Með þessari sameiningu munu allar tegundir tekna hafa sömu áhrif á útreikning ellilífeyris almennatrygginga og engin fritekjumörk verða í gildi. Sú regla verði þó óbreytt á aðlögunartímanum (til 2017 skv. tillögunni) að séreignarsparnaður hafi ekki áhrif á útreikning ellilífeyris en stefnt er að því að viðbótarlífeyrissparnaður verði gerður jafnsettur öðrum sparnaði þannig að stofn til skerðingar bóta verði aðeins fjármagnstekjur hvers árs af sparnaðinum, ekki úttekt hans. Samhliða þessu er brýnt að samræma skilgreiningu þeirra fjármagnstekna sem áhrif hafa á útreikning ellilífeyris á þann hátt að einungis fjármagnstekjur hvers árs hafi áhrif en úttekt sparnaðar.

Vegna ófyrirséðra áhrifa þessara breytinga á hag einstakra ellilífeyrisþega leggur starfshópurinn til að á tímabilinu 1. janúar 2013 – 31. desember 2015 verði gerður samanburður á útreikningi ellilífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar fyrir gildistöku nýrra laga og hins sameinada ellilífeyris eftir gildistöku laganna. Ef samanburður leiðir til hærri bóta einstaklings samkvæmt eldri lögum greiðast hærri bæturnar á tímabilinu.“

Í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi 2013, „Stefna og horfur“, segir eftirfarandi: „Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sett fram það markmið að almennatryggingakerfið verði einfaldað með fækkun bótaflokka, einfaldari reglum um útreikning bóta og auknu jafnræði og aðgengi. Til stendur að leggja fram frumvarp til laga um lífeyristryggingar á yfirstandandi þingi í samræmi við stefnumiðin.“

Ekki varð af því að frumvarp á grundvelli tillagna starfshópsins væri lagt fram haustið 2012 og í fjárlögum 2013 var ekki gert ráð fyrir að tillögurnar næðu fram að ganga. Þótt það hafi ekki gerst er jafn brýnt og áður að almennatryggingakerfið verði einfaldað og dregið úr víxlverkun.

Samtök atvinnulífsins styðja þær breytingar sem felast í tillögum starfshóps um endurskoðun laga um almennatryggingar. Tillögur flutningsmanna umrædds frumvarps eru hins vegar að verja meiri fjármunum í óbreytt kerfi, sem óumdeilt er að þarfnast verulegra umbóta. Af þeim sökum leggjast Samtök atvinnulífsins gegn samþykkt þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson